

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 – 1995

13. febrúar 1995

235

Nr. 104

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Seltjarnarnes.

1. gr.

Bæjarstjórn Seltjarnarness er heimilt að leggja á árlegt sorpuhirðugjald.

2. gr.

Gjaldið er kr. 4.000 ár hvert, miðað við einn poka á viku á hvern stað sem hreinsað er frá og er innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarness, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 13. febrúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

16. febrúar 1995

Nr. 105

AUGLÝSING

um staðfestingu á söluumboðseyðublaði Félags fasteignasala.

Hér með staðfestir ráðuneytið samkvæmt 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 520/1987, sbr. 9. gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986 sbr. lög nr. 10/1987, nýtt eyðublað fyrir söluumboð sem Félag fasteignasala hefur látið gera og birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing sama efnis nr. 492/1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. febrúar 1995.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Gutenberg